

Málfræði skógarins

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Læra og geta greint: fallorð (gr. no. lo. fn. to), sagnorð, stofn þeirra og rætur, beygingar og breytingar. Geti unnið með margvíslegu efni skriflega og myndrænt. Fáí ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt. Eflir leikni í vinnubrögðum og eykur hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsgreinar: Íslenska og náttúrufræði.

Aldur: Mið- og elsta stig.



VERKLÝSING

Búið til stórt tré, laufkróna, stofn og rætur. (no. lo. So), skógarbotn með ýmsum lággróðri (fornafnaflokkarnir), sveppir og fleira eru óbeygjanleg orð.

Farið í skógarferð og spjallað. Þá fara einstaklingar í könnunarleiðandur með lófabók og blýant. Fyrst eru skráð nafnorð í 10 mín., þá lýsingarorð í aðrar tíu og loks sagnorð, það sem hægt er að gera í skógi. Þegar heim er komið eru upplýsingarnar fluttar úr lófabók í stílabók, þá má bæta við ef einhver vill. Síðan er unnið í hópum og orð hvers og eins borin saman og ákveðið hvaða orð á að nota í tréið - enginn með sama orð. Þá er unnið með laufblöð í mismunandi litum (eftir orðflokk) með með orðflokki og orði. Þau eru síðan fest á vegg með kennaratyggi og þannig útbúin þétt laufkróna.

Síðan er hægt að vinna með rót orðanna - útbúin lítil blöð fyrir stofn hvers orðs, hann skráður og þau síðan fest neðst á vegginn fyrir rætur. Gott að leggja mikið uppúr að gera fallett tré og gott trjálág. Í framhaldinu er unnið með stofn orðanna á brúnan pappír og úr honum myndaður stofn trésins. Þá setjum við á langan brúnan renning Nafnháttarmerkið að, aftur og aftur fyrir jarðveg á milli stofnsins og rótanna.

Að lokum gerð grasplanta með fimm laufum fyrir persónufornöfn. Kölluð kvenfélagsplantan. Afturbeygt - sig á ýlustrá, eignarfornöfn á fimmblaða burkna, beygð í föllum, kyni og tölu. Laufin síðan krulluð með skærum.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Fallorð, stílabækur, ritföng m.a. penni og tússpenni, skæri, lím, marglitur kartonpappír, marglitur pappír, maskínupappír, vax – og tússlitir. Mályrkja 1 og vinnubækur 1 og 2 með henni.

Bókin "Ég greini tré", Náttúrufræðiverkefni kennarahandbók um náttúrudýr.

Tillaga til breytinga: "Kvenfélagsblómið". Persónufornöfnunum verði breytt í handstrengjött blað mótað eftir höndum nemenda – Þumalvingur 1.pfn (bendir á mig) vísifingur 2.pfn. (bendir á þig) langatöng, baugfingur og litli fingur er fjölskyldan 3.pfn hann, hún og það (barnið).